


# Hausthúsatorg á Akranesi

## - Deiliskráning fornleifa



---

Adolf Friðriksson



**FS866-2125**  
**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**  
Reykjavík 2021

---

©Fornleifastofnun Íslands 2021

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

Forsíða: uppdrátturinn sýnir fyrrum land Elínarhöfða og helstu bústaði.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	3
Samantekt .....	4
Inngangur .....	5
Fyrri athuganir .....	5
Fornleifar á skipulagsreit .....	6
Niðurstöður .....	9
Viðauki 1. Skrá yfir fornleifar innan deiliskráningarreits .....	10
Fornleifar innan deiliskipulagsreits .....	10
Fornleifar nærri deiliskipulagsreit .....	10
Óstaðsetjanlegar minjar í landi Elínarhöfða .....	10
Heimildir .....	11

## Samantekt

- Deiliskráning fornleifa við Hausthúsatorg var gerð í nóvember og desember 2021.
- Við undirbúning skráningarinnar voru helstu heimildir um svæðið athugaðar, þ.m.t. uppdrættir, loftmyndir, jarðabækur og fyrri skráning fornleifa í sveitarfélaginu.
- Reiturinn liggur allur í Garðaflóa og innan fyrrum jarðarmarka Elínarhöfða.
- Skipulagsreiturinn nær að mestu yfir óbyggt land, sem var nýtt til mótekju og framræst um miðja 20. öld, fjarri bæjarstæðum og túnnum.
- Skráning á vettvangi og greining gagna leiddi í ljós að tveir minjastaðir eru innan skipulagsreits, og aðrir tveir skammt utan reits.
- Staðirnir fjórir eru að mestu eða öllu leyti horfnir vegna síðari framkvæmda, s.s. skurðgraftar, vegagerðar, grjótnáms og garðyrkju.
- Minjar njóta friðunar samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/2012, og Minjastofnun Íslands úrskurðar um gildi þeirra og möguleg áhrif á skipulagsgerð. Deiliskráningin er unnin samkvæmt 16. gr. sömu laga, sem og 4. gr. reglna nr. 620/2019 um skráningu minja vegna deiliskipulagsvinnu.

## Inngangur

Þann 18. nóvember 2021 óskaði Akraneskaupstaður eftir úttekt á fornleifum vegna vinnu við deiliskipulag við Hausthúsatorg. Vísað er til bréfs Minjastofnunar Íslands, dags. 13. nóvember 2020 til Akraneskaupstaðar þar sem fram kemur að fyrirbyggjandi aðalskráning fornleifa sé ófullnægjandi og uppfæra þurfi skrána til samræmis við ný lög um menningarminjar (nr. 80/2012) og nýja staðla stjórnvalda. Fornleifastofnun Íslands ses tók að sér verkið og var það unnið í tveimur áföngum, í nóvember og desember 2021.

Í þessari skýrslu er birtur árangur heimildarannsóknna og vettvangsathugana.


## Fyrri athuganir

Skipulagssvæðið er utan við þéttbýlið, við þjóðleiðina þar sem hún lá austan og sunnantil yfir það land sem fyrrum heyrði til Höfða (Elínarhöfða).

Fornleifastofnun Íslands skráði fornleifar í landi Akraneskaupstaðar í júní 1997<sup>1</sup> í anda löggjafar sem þá var nýleg um lögbundna skráningu fornleifa vegna aðalskipulagsvinnu og var það fyrsta skráning minja við jaðar bæjarins og jafnframt ein sú fyrsta sem gerð var í þéttbýli. Hafa aðferðir við skráningu, einkum í þéttbýli, sem og löggjöfin breyst talsvert s.l. aldarfjórðung. Áður lögðu stjórnvöld m.a. áherslu á að skrá ætti minjar sem sæjust á yfirborði, en ekki staði sem heimildir væru til um, en væru horfnir og jafnvel eyðilagðir. Síðustu árin hafa þessi viðmið breyst og eru nú skráðar allar þekktar minjar, enda hefur sú skráningaraðferð þann kost að safnað er upplýsingum um minjastaði sem kunna að hafa horfið sjónum, en enn gætu verið varðveittar leifar af undir sverði. Er það í betra samræmi við tilgang laga um fornleifavernd að halda slíkum upplýsingum til haga, en jafnframt kostur fyrir framkvæmdaaðila að lenda síður í töfum vegna óvæntra fornleifafunda við upphaf framkvæmda. Við deiliskráningu minja veturinn 2021 var tekið mið af þessum nýju forsendum minjavörslunnar.

---

<sup>1</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). *Akranes. Fornleifaskrá*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, bls. 44-46.




Mynd 1. Landamerki Elínarhöfða og helstu minjar og staðir. Blái reiturinn sýnir mörk deiliskipulags (uppdráttur: Fornleifastofnun Íslands / Kortgrunnur: Loftmyndir ehf).

### Fornleifar á skipulagsreit

Hausthúsatorg er hringtorg þar sem koma saman Akranesvegur, Þjóðvegur, Þjóðbraut og Kalmansbraut. Deiliskipulagsreiturinn er um 2,6 ha að flatarmáli og liggur í kverkinni sem myndast austan við torgið á milli Akranesvegar og Þjóðvegar, þ.e.a.s. milli nýrri og eldri afleggjara niður á Akranes.

Við undirbúning að skráningu á reitnum voru ritaðar heimildir athugaðar, ásamt uppdráttum og loftljósmyndum. Á vettvangi var skipulagssvæðið gengið, þekktar minjar staðsettar með hnitum, gerð leit að áður óþekktum minjum og lagt mat á áhrif deiliskipulags á menningarlandslagið sem reiturinn er hluti af. Skal nú greint frá afrakstri þessara athugana.



Mynd 2. Uppdráttur frá 1897 sýnir vel hve Garðaflói (merktur með doppum) var víðfemur. Áður er framræsla hófst náði hann u.þ.b. frá Jaðarsbökkum að Berjadalsá. Deiliskráningarreiutrin er í flóanum (blá lína) innan landamerkjja Elínarhöfða (rauð brotalína).

Skipulagsreiturinn er allur í landi Elínarhöfða. Upphaf byggðar þar er óþekkt en ljóst að hún nær aftur á miðaldir og jafnvel landnámsaldar. Er líklegt að jörðin hafi í upphafi tilheyrt höfuðbólunu í Görðum. Samkvæmt máldaga kirkjunnar í Görðum<sup>2</sup> átti hún rekaítök fyrir strönd Elínarhöfða, Miðvogs og Innstavogs á 13. öld. Þessar jarðir eru landlitlar, og lögun þeirra og lega benda til að þeim hafi upphaflega verið skipt út úr Garðalandi. Varðveist hefur sölubréf frá 15. öld<sup>3</sup>, en heimildir um forna byggð í Elínarhöfða eru að öðru leyti afar takmarkaðar. Í landi Elínarhöfða voru nokkur býli, þ.e. Hausthús, Höfðavík og Bakkabær sem öll stóðu við strandlengjuna milli Höfðavíkur og Kalmansvíkur. Um aldamótin 1700 var þar hjáleiga sem óvíst er undir hvaða nafni gekk, eða hvar hún stóð<sup>4</sup>. Frá miðri 19. öld voru tveir bæir á Elínarhöfða, Austurbær og Vesturbær, sem einnig hafa verið nefndir Norður- og Suðurbær. Á elsta uppdrætti sem til er af Akranesi (1802), eru m.a. sýndir ofangreindir bæir, auk helstu kennileita og leiða. Þar er merkt holt (Hvítasteinsholt) austan við deiliskipulagsreitinn og annað (Stóri Einbúi) sem er kippkorn sunnar, á suðausturmerkjum Elínarhöfða, en engin önnur

<sup>2</sup> DI I, 418.

<sup>3</sup> DI V, 698-99.

<sup>4</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók IV*, 109.

ummerki milli Garða og Elínarhöfða<sup>5</sup>.

Á öndverðri 20. öld hefst nýr kaflí í sögu jarðarinnar, er nýir landeigendur komu að Elínarhöfða (1915)<sup>6</sup>. Þeir hófust handa um mikla ræktun, keyptu fyrstu dráttarvélina til landsins 1918 og höfðu áform um að reisa móburrkunarverksmiðju í Garðaflóa, enda eru víðfemar mómýrar á Akranesi. Þeir fluttu jafnframt fyrstu skurðgröfuna til landsins (1942), sem var m.a. notuð til að ræsa fram flóann í landi Garða og Elínarhöfða. Um miðja öldina reis nýbýlið Borgartún ásamt hlöðu og fjósi á nokkrum hekturum í SA-horni Höfðajarðarinnar, skammt sunnan við deiliskipulagsreit. Ummerki um nýbýlið eru horfin og bæjarstæðið var þar sem nú er lóðin Asparskógar 7.

Deiliskipulagsreiturinn er austarlega í landi Elínarhöfða, en að ofansögðu er ljóst að mesta búsumstangið, væntanlega allt frá landnámi og fram á 20. öld var ekki þar, heldur vestast, þ.e.a.s. út á sjávarbökkunum. Þar hafa bæir og afbýli staðið, og ábúendur ræktað tún á þurrlandinu við holtin næst ströndinni, ásamt því að stunda sjósókn. Búskap var hætt á síðustu öld, en við blasa garðlög og bæjatóftir. Er deiliskipulagsreiturinn um hálfan kílómetra frá búsetuminjum, á þeim hluta jarðarinnar sem telur til Garðaflóa og þar má enn sjá merki um umfangsmikla mótækju. Miklir flóar eru nær allt í kringum Akrafjall og þær fornleifar sem fundist hafa eru undantekningarlaust þar sem byggilegast var, þ.e. upp við fjallsrætur, niður við sjó, eða við klapparholt og önnur berghöft sem rísa upp úr mýrunum þar á milli. Er því ólíklegt að finnist fornleifar þar sem áður var mýrlendi í austurhluta Elínarhöfðajarðarinnar. Garðaflói er víðfemur, blautur og illur yfirferðar. Hann var m.ö.o. farartálmi, en helstu göngu- og reiðleiðir, þ.e. gömlu þjóðleiðirnar, voru ýmist um fjöruna vestast, eða austan við flóann, frá býlinu Jaðri til norðausturs, um hlaðið í Görðum og upp með holtunum að fjallsrótum. Það er ekki fyrr en um aldamótin 1900 að austurhluti Elínarhöfða lendir í þjóðbraut, ef svo má að orði komast, þ.e. þegar beinn og greiður malarvegur var lagður í holtarönunum sem liggja milli strandlengjunnar og flóans og niður á Akranes. Á uppdrætti Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar frá 1901 er hann merktur sem „nýi vegurinn“.

Innan deiliskipulagsreits er kunnugt um tvo minjastaði sem falla undir lögbundna skilgreiningu á fornleifum sem njóta friðhelgi. Þar eru mógrafir (B0-074:023) og sjást þær vel á loftmyndum frá miðri 20. öld. Á svæðinu innan reitsins hafa þær verið sléttaðar út og gerðar að túni á ofanverðri síðustu öld. Þjóðvegurinn (Bo-074:022) sem liggur þvert um mógrafasvæðið telst


---

<sup>5</sup> Sbr. bréf Ohlsens lautinants justitsráðs Jensens um kort yfir Akranes, Þjóðskjalasafn Ísl. (0038-1928-011-B-B14-0022-27. Örk: 27 Kassi: 0022. 1802-1802). Uppdrátturinn er prentaður í riti Gunnlaugs Haraldssonar, *Saga Akraness* I-II.

<sup>6</sup> Sjá: Ásmundur Þórðarson 2018



einnig til fornleifa, en hann er enn í notkun og þar hafa verið gerðar vegabætur alloft. Utan reits eru enn tveir minjastaðir. Hvítasteinsholt (Bo-074:016) var áningarstaður við veginn, en það hefur að hluta horfið við grjótnám og er skammt austan við deiliskipulagsreitinn. Um 30 m NV við reitinn var stekkjartóft, Höfðastekkur. Ummerki um hana hafa ekki fundist á vettvangi og staðsetning á korti því höfð með fyrirvara um nákvæmni. Loks ber að nefna hjáleigu (Bo-074:010) sem getið er í heimildum frá því um 1700, en staðsetning hennar er óþekkt. Þó verður að teljast afar ósennilegt að hún hafi staðið í eða við reitinn í austurhluta jarðarinnar, enda sá hluti hennar einna síst byggilegur, svo sem áður hefur verið nefnt.



*Mynd 3. Minjar á deiliskipulagsreit. Mógrafir á reitnum eru horfnar, en uppdrátturinn sýnir umfang þeirra frá því um miðja 20. öld samkvæmt mynd Li-0694 úr loftmyndasafni Landmælinga Íslands frá 1954.*

## Niðurstöður

Eftir athugun á vettvangi og könnun á fyrirliggjandi heimildum um landið þar sem deiliskipulagsreiturinn liggur, er ljóst að áhrif framkvæmda innan hans á fornleifar yrðu mjög litlar, eða jafnvel engar. Markar hann svæði þar sem síst er að vænta fornleifa. Mógrafir sem þarna voru eru horfnar, og þjóðleiðin er undir núverandi vegi. Hafi eldri minjar verið þar áður en mótekja hófst og vegagerð, er næsta víst að þær hafi horfið við þann gröft og annað rask.

Líkur á að skipulagsvinna eða framkvæmdir tefjist vegna óvæntra fornleifafunda á síðari stigum eru hverfandi litlar, þótt ekki sé unnt að útloka að áður óþekktar mannvistarleifar leynist undir sverði.

Utan reits eru tveir staðir sem eru nærri, en framkvæmdir innan reits hafa ekki áhrif á þá. Hvað varðar almenn áhrif á menningarlandslag á Akranesi, þá liggur reiturinn í framhaldi af uppbyggingu þéttbýlisins til norðurs. Sunnan hans, innan gömlu landamerkjja Elínarhöfða hafa þegar risið íbúa- og þjónustuhverfi. Talsvert langt frá reitnum eru minjar bæjanna í Elínarhöfðalandinu, sem gefa heillega mynd af lífi og starfi fyrri kynslóða, til lands og sjávar í gamla Akraneshreppi. Uppbygging við Hausthúsatorg á reit um 500 metrum austar mun ekki hafa áhrif á umhverfi minjanna út við sjóinn.

#### Viðauki 1. Skrá yfir fornleifar innan deiliskráningarreits

##### *Fornleifar innan deiliskipulagsreits*

<b>BO-074:022</b>	leið	220487	643296
<b>BO-074:023</b>	mógrafir	220500	643300

##### *Fornleifar nærri deiliskipulagsreit*

<b>BO-074:016</b> Hvítasteinsholt	áfangastaður	220490	643294
<b>BO-074:021</b> Höfðastekkur	stekkur	220534	643288

##### *Óstaðsetjanlegar minjar í landi Elínarhöfða*

<b>BO-074:010</b>	[Elínarhöfðahjáleiga]	bæjarstæði	býli
-------------------	-----------------------	------------	------

## Heimildir

### Óprentaðar heimildir

Héraðsskjalasafn Akraness

Uppdráttur Ólafs Jónssonar af Garðaflóa, 22. Júlí 1897.

Landmælingar Íslands, Akranesi

Lofmyndasafn: GX-12516-50 (1942), AMS123411103 (1945), Li2-0694 (1954), Li2-2983 (1956), A-6657 (1964).

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, Reykjavík

Örnefnaskrá Miðvogs

Örnefnaskrá Elínarhöfða

Skipulagsstjóri, Reykjavík

Akranes. Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901, skjalasafn Skipulagsstofnunar.

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík

0038-1928-011-B-B14-0022-27. Örk: 27 Kassi: 0022. 1802-1802. Bréf Ohlsens lautinants justitsráðs Jensens um kort yfir Akranes.

### Prentaðar heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson: *Akranes. Fornleifaskrá*, Fornleifastofnun Íslands 1999, FS066-97052 Reykjavík.

Ásmundur Þórðarson, Upphaf vélvæðingar í íslenskum landbúnaði. Akranes – Traktorinn. *Skessuhorn*, 25.7.2018, s. 26-27.

Byggðir Borgarfjarðar I-II., án útgst., Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1989.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Jarðabók: Árni Magnússon & Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, Kh., Hið íslenska fræðafélag, 1913.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.